

Alþingi
Erindi nr. P 143/728
komudagur 19.12.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19.12.2013
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um Landsvirkjun (eigendastefna), 16. mál

Að beiðni Alþingis er hér með látin í té umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um Landsvirkjun (eigendastefna), 16. mál. Beiðist er velvirðingar á að dregist hefur að senda umsögnina.

Í frumvarpinu er lagt til að í lög um Landsvirkjun verði bætt ákvæði þess efnis að ráðherra leggi á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um eigendastefnu fyrir Landsvirkjun. Af hálfu stjórnar Landsvirkjunar hefur undanfarin ár verið lögð áhersla á að eigandi leggi fram eigendastefnu fyrir Landsvirkjun, eða öllu heldur fyrir orkufyrirtæki í ríkiseigu. Skref í átt að setningu eigendastefnu var tekin haustið 2012 en þá gaf fjármálaráðuneyti út almenna eigendastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkisins. Að öðru leyti vísast til fjármálaráðuneytisins um málið.

Virðingarfyllst



Hörður Arnarson
forstjóri